Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 26.02. 2021. Fundur haldinn í fyrirlestrarsal skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Hrönn Garðarsdóttir, Margrét Hildur Ríkharðsdóttir (fjarverandi), Helga Helgadóttir (fjarverandi), Hugrún Helga Ketel (fjarverandi), Arna Rut Hjartardóttir, Dröfn Sigurðardóttir (fjarverandi), Logi Már Magnason og Sigurður Sindri Hallgrímsson.

1. **Kynning á fjölgreinadeild Hraunvallaskóla**
   Þórdís Helga Jónsdóttir deildarstjóri kynnti starf deildarinnar í samvinnu við Ástu Björk Björnsdóttur aðstoðarskólastjóra.

2. **Umfjöllun um breytingu á skóladagatali 2020-2021 - Unglingadeild**
   Skólastjóri kynnti breytingu á skóladagatali 2020-2021 - Unglingadeild. Breytingin felst í því að skertur dagur sem var settur 3. febrúar (Grunnskólahátíð féll niður) færist til 9. júní (íþróttadagur). Uppbrotsdagur sem var 9. júní færist til 28. maí (ratleikur unglingadeildar). Fulltrúar í skólaráði staðfestu með undirskrift sinni umfjöllun um breytingar.

3. **Skóladagatal 2021-2022**
   Skólastjóri lagði fram grunn að skóladagatali fyrir skóladagatal 2021-2022. Farið var yfir dagatalið, breytingar gerðar, og fulltrúar í skólaráði staðfestu með undirskrift sinni umfjöllun sína.

4. **Umfjöllun um vetrarfrí í grunnskólum Hafnarfjarðar**
   "Fræðsluráð óskar eftir því að skólaráð hvers grunnskóla fjalli um og skili áliti til fræðsluráðs fyrir 15. mars um hvort ástæða sé til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á vetrarfríi í grunnskólum. Vetrarfrí í grunnskólum Hafnarfjarðar er tvískipt og því þörf á þeirri umræðu hvort halda á núverandi fyrirkomulagi, að vetrarfríið yrði í einu lagi og eða hvort vilji sé til þess að gera breytingu annað hvert ár." Fræðsluráð spyr hvort skólaráð styðji áfram 2x2 daga í vetrarfrí (2 á hvorri önn) eða það vilji hafa vetrarfrí í einu lagi (5 dagar í febrúar) eða hafa bæði og þá annað hvert ár 2x2 daga og hitt árið 5 daga.

   <u>Niðurstaða skólaráðs Hraunvallaskóla er að ekki sé þörf á breytingu á núverandi fyrirkomulagi á vetrarfríi í grunnskólum Hafnarfjarðar. Skólaráð styður áfram 2x2 daga í vetrarfrí (2 á hvorri önn).</u>

5. **Innra mat (skólapúlsinn)**
   Skólastjóri fór yfir nýjustu niðurstöður úr Skólapúlsi (febrúar). Hraunvallaskóli siglir lygnan sjó og er að koma ágætlega undan covid tímanum.

6. **Önnur mál**
   a. Sagt frá Viku 6 sem var kynfræðsluátak í unglingadeild – sjá nánar hér: https://www.hraunvallaskoli.is/skolinn/frettir/kynfraedsla-i-unglingadeild
   b. Netöryggishnappur á heimasíðu kynntur. Sjá nánar hér: https://sites.google.com/hfjskoli.is/netryggi/fullor%C3%B0nir
   c. Spurt var um tengsl Hraunvallaskóla við vinnu sem tengist ungmennaráði Hafnarfjarðar. Óskað var eftir að fá kynningu á því á næsta skólaráðsfundi.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland